

*Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi*

*16. febrúar 2017*

### ***Ágætu foreldrar/forráðamenn.***

Nú eru nemendur 9. bekkjar komnir til baka eftir vel heppnaða ferð á Laugar í Sælingsdal. Nemendur 10. bekkjar eru einnig komnir til baka eftir starfskynningarnar en nokkur þeirra mátti sjá í beinni útsendingu á Útsvari.

### ***Starfið framundan:***

#### ***Starfsdagur kennara***

Þriðjudaginn 21. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

### ***Foreldraviðtöl***

Seinni foreldraviðtöl vetrarins verða miðvikudaginn 22. febrúar. Þann dag fara nemendur heim á hádegi. Umsjónarkennarar senda út nánari skipulagningu fyrir daginn þegar nær dregur.

### ***Frammistöðumat***

Fyrir foreldraviðtölin óskum við eftir að nemendur og foreldrar taki þátt í frammistöðumati á Mentor. frammistöðumat gengur út á að foreldrar setjist niður með börnunum sínum og aðstoði þau við að meta frammistöðu sína í náminu auk þess að svara spurningum er varða líðan, hegðun og fleira. Frammistöðumatið verður opið frá og með fimmtudeginum 16. febrúar, til mánudagskvölds, 20. febrúar. Þið þurfið því að finna tíma á þessu tímabili til að vinna matið. Frammistöðumatið verður síðan lagt til grundvallar umræðunnar sem verður í foreldra- og nemendaviðtölum 22. febrúar.

Teknar hafa verið saman eftirfarandi leiðbeiningar sem við vonum að komi ykkur að gagni við skráninguna:

1. Farið inn á mentor.is og skráið ykkur inn.
2. Veljið fjölskylduvef.
2. Veljið frammistöðumat, vinstra megin á síðunni.
3. Veljið Frammistöðumat-2016-2017 og hóp barnsins (smellið á skrifblokkina sem er hægra megin við stækkunarglerið).
4. Nú ættuð þið að geta skráð matið. Athugið að til þess að skrá smellið þið í viðeigandi reit en eftir því sem þið smellið oftar þá breytist merkingin í reitunum. Það er alltaf hægt að breyta skráningu í hverjum reit með því að smella oftar á reitinn.
5. Þegar þið hafið lokið skráningunni smellið þið á uppfæra (á stiku neðst á síðunni).
6. Ath. Kvarðinn sem notast er við er fyrir neðan allar spurningarnar.

### ***Hestamennska***

Í næstu viku fara er komið að hestamennsku fyrir þá nemendur í 8. - 10. bekk sem völdu þá valgrein, en um er að ræða námskeið sem reiðkennaradeild Hólaskóla býður upp á í tengslum við nám reiðkennara í deildinni. Kennsla verður dagana 20. – 23. febrúar frá kl. 09:00-15:00 alla dagana. Athugið að samkvæmt skóladagatali er starfsdagur 21. febrúar, þeir sem völdu þetta námsefni eru því ekki í frí þann dag eins og gert er ráð fyrir á skóladagatali. Þeir nemendur sem fara fá nánari upplýsingar um þetta.